

15.06.2022

Menningar- íþróttá- og tómstundaráð

Bt: Ómars Einarssonar

Efni: Úttekt eldvarnareftirlits á skíðaskála Ármanns í Bláfjöllum.

Eldvarnareftirlit Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins kom í úttekt á skíðaskála Ármanns í Bláfjöllum 27.apríl 2022 og gerði þónokkrar athugasemdir. Margt sem sett er út á, er vegna breyttra reglna í seinni tíð og annað almenns eðlis. Stóru kostnaðarliðirnir eru að það þarf að skipta þarf út nokkrum hurðum og setja eldvarnarhurðir í staðinn, bæta neyðarlýsingu og setja upp nýtt brunakerfi sem er tengt stjórnstöð úti í bæ t.d Securitas. Glímufélagið Ármann er búið að fá tilboð í slíkt kerfi og heildarkostnaður við búnað, uppsetningu og tengingar er um 1.850.000. Heildar kostnaður við að fá úttekt og áframhaldandi leyfi til að nota skálann í haust er um 3.500.000kr. Þessi kostnaður er mikill fyrir félagið og óskar Glímufélagið Ármann eftir styrk vegna þessa. Verði ekki brugðist við þessum athugasemdum og farið í lagfæringar fyrir haustið fæst væntanlega ekki leyfi til notkunnar. Það hefur ekki bara áhrif á starfsemi félagsins heldur líka á þjónusta við almenning á Suðursvæðinu.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Jón Þór Ólason

Framkvæmdastjóri Ármanns.



Glímufélagið Ármann
B.t. Jón Þór Ólason
Engjavegi 7
104 Reykjavík

21.6.2022

Efni: Ítrekaðar kröfur um skil staðfestinga og úrbætur á eldvörnum.

Varðar eldvarnir í húseigninni Lækjabotnar/skiðask, 203 Kópavogsbær.
Mál nr. 22-1117.

- Upphafleg krafa um skil staðfestinga á stöðu eldvarna í húsnæðinu og skjalfestingu öryggis voru birtar þér með bréfi/tölvupósti þann 31.1.2022.
- Áminning og ítrekaðar kröfur um staðfestingu á stöðu eldvarna og skjalfestingu öryggis eldvarna voru birtar þér með bréfi/tölvupósti 10.3.2022.
- Ítrekaðar kröfur um skil staðfestinga á stöðu eldvarna í húsnæðinu og úrbætur á eldvörnum voru birtar þér með bréfi/tölvupósti 6.5.2022.

Með vísan til bréfs dags. 6.5.2022 ákvað slökkvilið að endurtaka eldvarnaskoðun á húseigninni. Jafnframt er minnt á að öll vinna slökkviliðs vegna málsins er gjaldskyld eins og áður hefur verið kynnt.

Sú skoðun leiddi í ljós að eldvarnir og eða skjalfesting öryggis uppfylla ekki kröfur. Er þetta skýrt í meðfylgjandi skoðunarskýrslu sem er hluti af bréfi þessu. Er því skorað á þig að bæta úr þeim ágöllum sem þar koma fram eigi síðar en þann 5.7.2022, auk mögulegra annarra ágalla sem kunna að koma í ljós við úrvinnslu málsins.


Minnt er á að ofangreind vanhöld á eldvörnum eru brot á lögum um brunavarnir, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð 723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.

Verði ekki staðið við ofangreindan frest til úrbóta, eða viðbótarfrest sem kann að verða veittur, má búast við endurtekinni skoðun slökkviliðs á eldvörnum húseignarinnar án frekari viðvörunar. Tilkynning um verklok skal berast slökkviliði bréflega innan ofangreinds frests. Heimilt er að senda tölvupóst með ljósmyndum eða staðfestingu þriðja aðila á að úrbætur hafi verið gerðar. Tölvupóstur skal berast á netfangið shs@eldvarnaeftirlit.is, með málsnr. 22-1117 í efnislinu. Eftir atvikum getur slökkvilið metið aðstæður þannig að eldvarnir verði skoðaðar aftur óháð tilkynningum um úrbætur.

Vísað er til bréfs 31.1.2022 varðandi nánari skýringar á ábyrgð eiganda á eldvörnum, málsmeðferð, fresti, andmæla- og kærurétti, gjaldskyldu og fyrirvara á ábyrgð slökkviliðs. Hafir þú einhverjar spurningar varðandi kröfur slökkviliðs um úrbætur á eldvörnum er þér eindregið bent á að leita nánari upplýsinga hjá undirrituðum starfsmanni.

Virðingarfyllt, f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Örvar Aðalsteinsson
Verkefnisstjóri



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Skoðun

Framkvæmd þann 20.6.2022

Endurkoma

Fyrirtæki

Glímufélagið Ármann

Skíðaskáli Ármanns

Lækjabotnar/skíðask , 203 Kópavogsbær

Tilvísun

Mál nr. 22-1117

Skoðun nr. 111048

Skoðunarmaður: Örvar Aðalsteinsson

Vakin er athygli á því að ekki er hægt að álíta eða gera ráð fyrir að skoðun eldvarnaeftirlits taki á öllum ágöllum á brunavörnum þeirrar fasteignar/mannvirkis eða lóðar sem skoðun þessi tekur til né að skoðunin sé tæmandi. Mögulegt er að ágallar á eldvörnum séu duldir, ekki augljósir eða að eldvarnaeftirlitinu yfirsjáist einhver atriði. Ekki er í öllum tilvikum stuðst við aðaluppdrætti í eldvarnaskoðunum og því ekki víst að byggingin sé skoðuð samkvæmt samþykktum teikningum en þess í stað framkvæmd svokölluð sjónskoðun.

Skoðun eldvarnaeftirlitsins léttir ekki ábyrgð af eiganda og eftir atvikum umráðamanni fasteignar/mannvirkis eða lóðar, sem eftir sem áður ber(a) fulla ábyrgð á að eldvarnir séu til staðar, að þær taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma, að eldvarnir séu virkar og að haft sé með þeim reglubundið eftirlit, sbr. ákvæði 23. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Jafnframt ber eigandi ábyrgð á því að byggingin sé í samræmi við samþykktar teikningar.

Númer: 430662 Skráð: 4.5.2022 10:42

Gögn og staðfestingar

- Eldvarnafulltrúi - Skjalfestingu vantar.

Númer: 430659 Skráð: 4.5.2022 10:34

Brunaviðvörðun

Bygging

- Kerfi vantar




Brunaviðvörðunarkerfi á að vera í samræmi við aðaluppdrætti, lög og reglugerð.

Númer: 430648 Skráð: 4.5.2022 10:08

Eldvarnahurðir

Geymsla

- Eldvarnahurð vantar



Númer: 430658 Skráð: 4.5.2022 10:31

Eldvarnahurðir

Kjallari

- Lokunarbúnað vantar



Hurðarpumpu eða annan viðurkenndan lokunarbúnað vantar

Númer: 430657 Skráð: 4.5.2022 10:28

Eldvarnahurðir

Kjallari leikherbergi

- Eldvarnahurð vantar



Eldvarnahurð vantar samkvæmt teikningum.

Númer: 430652 Skráð: 4.5.2022 10:14

Eldvarnahurðir

Nestissalur

- Eldvarnahurð vantar



Eldvarnahurð og eldvarnalúgu vantar samkvæmt teikningum.

Númer: 430655 Skráð: 4.5.2022 10:20

Eldvarnahurðir

Svefnálma

- Eldvarnahurð vantar



Eldvarnahurð vantar samkvæmt teikningum.

Númer: 430656 Skráð: 4.5.2022 10:22

Eldvarnahurðir

Svefnálma

- Lokast ekki tryggilega



Eldvarnahurð lokast ekki tryggilega.

Númer: 430649 Skráð: 4.5.2022 10:09

Eldvarnarteppi

Eldhús

- Án athugasemda



Númer: 430653 Skráð: 4.5.2022 10:17

Flóttaleiðir

Matsalur

- Læst / Flókin opnun




Dyr í flóttaleiðum mega ekki vera lykllæstar.

Númer: 430645 Skráð: 4.5.2022 10:05

Flóttaleiðir

Salur

- Björgunarop



Björgunarop skulu vera með hliðarhengdri opnun.

Númer: 430646 Skráð: 4.5.2022 10:05

Flóttaleiðir

Salur

- Björgunarop



Björgunarop skulu vera með hliðarhengdri opnun.

Númer: 430663 Skráð: 5.5.2022 8:59

Brunahólfun

Innhorn við viðbyggingu

- Brunahólfun útveggja og glers

Uppfylla þarf kröfur á teikningu

Númer: 430650 Skráð: 4.5.2022 10:11

Brunahólfun

Sjoppa

- Rofinn/vantar



Búið er að rjúfa brunahólf.

Númer: 430647 Skráð: 4.5.2022 10:06

Leiðarlýsing

Inngangur

- Vantar



Leiðarljós eru ekki til staðar.

Númer: 430654 Skráð: 4.5.2022 10:17

Leiðarlýsing

Nestissalur

- Vantar



Leiðarljós eru ekki til staðar.

Númer: 430660 Skráð: 4.5.2022 10:35

Neyðarlýsing

Bygging

- Vantar



Neyðarlýsingu vantar skv. teikningu.

Notkun og öryggi

Bygging

- Annað



Enginn kom í boðaða eldvarnaskoðun. Í samtali við Jón Þór kom fram að ekki hafa verið gerðar neinar lagfæringar á ágöllum á eldvörnum

Notkun og öryggi

Utandyra

- Aðkoma slökkviliðs



Sogrör frá slökkvivatnstanki vantar. Þarf að vera með 110m tengi slökkviliðs

Slökkvitæki

Bygging

- Án athugasemda



Skipan eldvarnafulltrúa

Daqsetning

Nafn eldvarnafulltrúa

Netfang eldvarnafulltrúa

Símanúmer eldvarnafulltrúa

Það staðfestist hér með að ofangreindur einstaklingur er tilnefndur sem eldvarnafulltrúi fyrir eftirtaldar byggingara í eigu nafn eiganda, kennitala eiganda:

- Heimilisfang, heitinúmer skv. fasteignaskrá.
- Heimilisfang, heitinúmer skv. fasteignaskrá.
- Heimilisfang, heitinúmer skv. fasteignaskrá.

Skipan eldvarnafulltrúa er samkvæmt reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017. Í elleftu grein reglugerðarinnar segir að eigandi og forráðamaður mannvirkja, lóða og starfsemi skoðunarskyldra húseigna, skuli tilnefna eldvarnarfulltrúa sem sér um eldvarnir og sem eldvarnaeftirlit slökkviliðs getur haft samskipti við. Eldvarnarfulltrúi skal taka þátt í tilkynntum eftirlitsskoðunum, hafa þekkingu á brunavarnalöggjöf og brunatæknilegu og skipulagslegu fyrirkomulagi í mannvirkinu og jafnframt á möguleikum slökkviliðs til að bregðast við eldi í mannvirkinu. Þá léttir það ekki skyldum skv. ákvæðum reglugerðainnar af eiganda og forráðamanni þó eldvarnarfulltrúi hafi verið tilnefndur.

Eldvarnafulltrúi skal starfa samkvæmt nánari fyrirmælum reglugerðarinnar og leiðbeiningum slökkviliðs eftir því sem þurfa þykir.

Virðingarfyllst,

Nafn eiganda eða fulltrúa hans,
staða.